

Verðandi nýstúdentar, júbílantar og aðrir góðir gestir.

Við höfum nú verið harla dugleg, tel ég, við að láta vita af því helsta sem við hefur borið í skólalífinu, á samfélagsmiðlum og heimasíðu skólans og þar er einnig að finna ágætt yfirlit á myndrænu formi. Það er full ástæða til að benda áhugasömum á að skruna í gegnum þessar síður til að fá líf og starf í ML beint í æð, ef svo má segja.

Það sem fer hér á eftir er auðvitað bara snögg yfirferð þar sem ég tæpi á nokkrum atriðum.

Skólinn var settur 26. ágúst og reglulegum námsmatstíma lauk þann 20 maí.

Nemendur við upphaf haustannar voru 151, 76 piltar og 75 stúlkur. 52 í 1. bekk, í 2. bekk 23, í þeim þriðja 32 og 44 í fjórða bekk.

Á þessu vori gengust 147 nemendur undir námsmat. Í dag eru brautskráðir 44 stúdentar, 23 af félagsfræðabraut og 21 af náttúrufræðabraut.

Aðeins fjórum sinnum áður í sögu skólans hefur stúdentahópurinn verið stærri: Árin 1976, 1978 og 1997 voru brautskráðir 48 stúdentar. 1979 voru þeir 45. 1975 voru nýstúdentarnir 44 eins og nú.

Nemendur skólans snertu á ýmsu öðru en bara námsbókum, eins og vera ber. Þeir tóku þátt í ýmsum keppnum fyrir hönd skólans, aðeins nefnt að Guðbjörg Viðja Antonisdóttir og félagar tóku þátt í söngkeppni framhaldsskólanna og þau lentu þar í þriðja sæti. Í símakosningu báru þau hinsvegar sigur úr bítum.

Þá komst Kjartan Helgason í úrslit í efnafræðikeppni framhaldsskólanna.

Nánast helmingur nemenda, var í kór skólans í vetur. Kórinn kom fram á þrennum tónleikum auk Æskukóramóts sem hann tók þátt í í febrúar. Stjórnandi kórsins, sem fyrr, er Eyrún Jónasdóttir.

Inger Erla Thomsen frá Sólheimum í Grímsnesi var kjörin stallari við stjórnarskiptin í febrúar.

Nemendur í lokaáfangi í frönsku brugðu sér til Parísar í september með leiðsögn Grímu frönskukennara og Erlu húsfreyju.

Dagamunur, Dollinn og Árshátíðin voru á sínum stað í mars. Þetta árið sýndu nemendur leikritið „39 ½ vika“, en það var unnið alfarið innanhúss þessu sinni.

Í maí fékk skólinn afhentan grænfána í þriðja sinn.

Dimissio var 13. maí, þar sem hefðum var fylgt út í æsar.

Í fyrsta sinn í sögu skólans gengust verðandi nýstúdentar ekki undir nein formleg lokapróf á síðustu önninni.

Þá lítið eitt um starfsmenn skólans, en við upphaf haustannar voru þeir 39, þar af 20 við kennslu. Fyrir utan að sinna daglegum störfum sínum af kostgæfni héldu um 30 starfsmenn og makar í fimm daga námsferð til Helsinki og Tallinn í lok apríl. Í ferðinni heimsótti hópurinn 3 framhaldsskóla og þjónustustofnun fyrir ungt fólk í vanda. Halldór Páll og Gríma skipulögðu ferðina og gengdu jafnframt hlutverki leiðsögumanna. Það fór ekki mikið fyrir því að ryki úr þeim, vegna hópsins, en þess voru þó dæmi.

Ég þakka starfsfólki skólans hreint ágætt samstarf á liðnum vetri.

Loks nýti ég þetta tækifæri til að fjalla lítillega um verkefni sem við settum af stað í vetur, en það felst í því að koma upp heillegu, veflægu safni ljósmynda frá þeim tíma sem skólinn hefur starfað.

Til þess arna voru fest kaup á tölvu, skanna og öðrum búnaði og talsvert af myndum er nú komið inn á vefsvæðið nemel.ml.is. Í safninu á að vera hægt að leita að myndum frá tilteknum árum og þannig eiga ML-ingar á öllum tímum geta horfið inn í liðinn tíma hvenær sem á móti blæs. Þarna vonum við að þeim birtist sýn inn í það æviskeið sem mótaði þá einna mest.

Við viljum leita til júbílanta hvers árs, nú og næstu 4 árin við að lána okkur myndir í þessu skyni. Erindi þessa efnis á að hafa borist öllum júbílóntum þessa árs.

Ágætu verðandi nýstúdentar.

„Æskan líður, ung og fjörleg, ellin bíður, þung or hrörleg“, sunguð þið áðan. Auðvitað er æskan ung, það segir sig nokkuð sjálft. Hún er hinsvegar ekkert alltaf fjörlegri en ellin og stundum jafnvel þyngri. Þá er ellin er ekkert alltaf þung eða hrörleg. Hún á það til að vera jafnvel fjörlegri og léttari en æskan, eða þannig.

Framundan blasir við ykkur líf hins fullorðna og fullþroska einstaklings. Nýtið það nú vel.

Bestu þakkir fyrir kynnin á liðnum árum.